

# Enski boltinn

LAUGARDAGUR 16. ÁGÚST 2014



# RISAÚTSALA

BÍLMAGNARAR PRÁDLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP  
FERDATEKI MAGNARAR BÍLTÆKI

SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR DVD SPILARAR HÁTALARAR BÍLHÁTALARAR HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ REIKNIVÉLAR  
UPPPVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HELLUBORÐ SAMLOKUGRILL FRYSTIKISTUR OFNAR HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

Sjá allt úrvalið á [ht.is](http://ht.is)

**ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR**

KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR STRAUJARN  
VÖFFLUJARN RYKSUGUR HÁFAR



**Heimilistæki**

[www.ht.is](http://www.ht.is)

**TAKMARKAÐ MAGN**

Fyrstur kemur - fyrstur fær!

**OPIÐ Í DAG 11-16**

SUÐURLANDBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic willa Melissa friete elna VESTFRÖST exDO MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

# SJÓNVARPS TILBOÐ



### LG 32LN570U

32" HD LED Smart sjónvarp. Triple XD Engine. Picture Wizard II. 100Hz Motion Clarity Index. Real Cinema 24p. Stafrænn móttakari DVB-T/C. CI kortarauf. 3 x HDMI, Scart, 3 x USB o.fl.



### Thomson 40FW3324

40" LED Full HD sjónvarp með 1920x1080p upplausn. 100Hz. Pure Image 3 engine. Háskerpu HDTV DVB-T2/C stafrænn móttakari. HDMI, VGA, Digital Coax, CI+, VGA, hljóð og heyrnartólstengi. USB upptaka. Hótelstilling.



### Panasonic TX42AS500Y

42" Smart VIERA LED sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. Vreal Smart Engine. 100 Hz Back Light Blinking. VIERA Connect nettenging. Wi-Fi. Skype. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Media spilar. Scart, 2x HDMI, Component, CI rauf, Composite, RCA, DNLA, Optical út og heyrnartólstengi. Apple/Android síma og spjaldtölvu App.

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



## Vildi ekki sitja á bekknum og horfa á ferilinn fljúga fram hjá

Gylfi Sigurdsson er eini Íslendingurinn í ensku úrvalsdeildinni á komandi tímabili. Eftir tvö ár hjá Tottenham ákvað hann að söðla um og ganga til liðs við Swansea, þar sem hann átti frábært vor 2012 og skoraði þá sjö mörk í átján leikjum. Stuðningsmenn Swansea binda miklar vonir við Íslendinginn og réðu sér vart fyrir kæti þegar ljóst var að Gylfi væri genginn í raðir félagsins á ný.

Hann segir að meiri leiktími hafi verið lykilástæða fyrir vistaskiptunum.

„Tottenham er auðvitað stærra félag og búið að vera lengur í úrvalsdeildinni en lykilatriðið fyrir mig er að fá að spila meira. Ég vildi ekki sitja á bekknum og horfa á ferilinn minn fljúga fram hjá,“

segir Gylfi í viðtali við Fréttablaðið. Hann byrjaði 26 leiki á tveimur tímabilum hjá Tottenham og kom 32 sinnum inn á sem varamaður.

Gylfi spilaði oftast á vinstri kanti hjá Tottenham en hann hefur oft lýst því yfir að hann vilji spila á miðjunni og telji sig ekki vera kantmann.

„Ég vonast eftir að spila á miðjunni. Ég held að besta staðan mín sé fyrir aftan sóknarlínuna en ég spila glaður hvaða stöðu sem er á miðjunni,“ segir Gylfi, sem sér þó ekki eftir því að hafa farið til Tottenham.

„Ég öðlaðist mikla reynslu, spilaði fyrir stórt félag og tel að ég sé betri leikmaður fyrir vikið,“ segir Gylfi.

## Draumalið Ólafs Kristjánssonar

Ólafur stillir upp í klassísku 4-4-2 leikkerfi með fimm leikmenn frá Manchester City, tvo frá Chelsea, tvo frá Liverpool, einn frá Manchester United og einn frá Everton.

„Þetta er hið ósigrandi FC OK. Varnarlínan er sterk og klárar sig einn á móti einum. Bakverðirnir geta gefið breidd í sóknarleik og hafa mikla hlaupagetu. Miðjan er skapandi með líkamlega sterka leikmenn í hjartanu á miðjunni og sóknarparið er eitrað með hraða Sterlings og útsjónarsemi Agueros.“

### FC OK

4:4:2 sett upp á völlum

Thibaut Courtois Chelsea

Pablo Zabaleta Man. City

Branislav Ivanovic Chelsea

Vincent Kompany Man. City

Leighton Baines Everton

Adam Lallana Liverpool

Yaya Toure Man. City

Wayne Rooney Man. Utd

David Silva Man. City

Raheem Sterling Liverpool

Sergio Aguero Man. City



ÞAÐ ER EKKI OF SEINT AÐ VELJA FRELSI



# Samsung GALAXY S5

**Samsung Galaxy S5 veitir frelsi**  
...farðu vel með það!



Skilur íslensku



Fingrafaraskanni



Púlsmælir og einkabjálfari



Aukin nethraði



Öflugri myndavél



Vatns- og rykvarinn

Farðu inn á [www.fimman.is](http://www.fimman.is) og sjáðu myndbandið.



# Enn þá bit í sóknarlínu Liverpool-liðsins


Það var morgunljóst frá stundinni þegar Liverpool seldi Luis Suárez til Barcelona fyrir í sumar að það yrði erfitt verkefni fyrir Brendan Rodgers, knattspyrnstjóra liðsins, að finna staðgengil hans. Liðið var ekki bara að missa markahæsta leikmann liðsins undanfarin tvö ár heldur einnig leikmann sem hafði óbilandi sigurvilja og dreif liðið oft áfram. Það efast enginn um hæfileika Luis Suárez en stuðningsmenn Liverpool geta þó andað léttar þar sem ólíklegt er að allur kraftur fari úr sóknarleik liðsins.

Ábyrgðin fer úr höndum Suárez í hendur ensku landsliðsmannanna Daniels Sturridge og Raheems Sterling og brasilíska töframmannsins Philippes Coutinho. Liverpool hefur keypt skapandi leikmenn á borð við Adam Lallana og Lazar Markovic í sumar en ljóst er að til þess að Liverpool geti gert atlögu að enska titlinum í ár þurfa þessir þrír piltar að taka liðið á herðar sér.

Raheem Sterling skaust inn í sviðsljósið með góðri frammistöðu á seinni hluta síðasta tímabils. Miklar væntingar voru gerðar til Sterlings er hann gekk til liðs við Liverpool frá QPR aðeins fimmtán ára gamall. Hann sýndi oft lipra takta í upphafi ferils síns hjá Liverpool en tókst ekki að taka næsta skref og verða að þeim gæðaleikmanni, sem hann er í dag, fyrir en undir lok ársins 2013. Skoraði níu mörk og lagði upp önnur sjö á síðasta tímabili en þarf að bæta við í fjarveru Suárez. Eldfljóttur, nautsterkur og teknískur leikmaður sem gæti stimplað sig inn í hóp þeirra bestu standi hann sig í stykkinu í vetur.

Coutinho hefur stjórnað umferðinni hjá Liverpool allt frá því að hann kom frá Inter árið 2012. Gríðarlega leikinn með boltann, les leikinn vel og á auðvelt með að skapa sér pláss en akkillesarhæll hans hefur verið markaskorun. Honum hefur ekki tekist að bæta markaskorun við leik sinn en hefur litið vel út á undirbúnings tímabilinu og gæti verið tilbúinn til þess að taka næsta skref sem leikmaður á stóra sviðinu.

Daniel Sturridge hefur þurft að standa í skugga annarra leikmanna allan sinn feril en nú er



### Raheem Sterling

19 ára Englendingur  
9 mörk og 7 stoðsendingar í fyrra

### Philippe Coutinho

22 ára Brasilíumaður  
5 mörk og 7 stoðsendingar í fyrra

### Daniel Sturridge

24 ára Englendingur  
22 mörk og 9 stoðsendingar í fyrra

löksins komið að stóra tækifærinu. Getur hann sannað sig sem framherji sem getur leitt lið að titlum? Uppalinn hjá Manchester City, fékk fá tækifæri hjá Chelsea og féll í skugga Suárez hjá Liverpool þrátt fyrir að eiga frábært tímabil. Fær loksins tækifærið til að axla ábyrgð sem aðalframherji liðs en

hann stóð sig vel í þau fáu skipti sem Liverpool spilaði án Suárez á síðustu 18 mánuðum.

Nái þessir þrír leikmenn að taka næsta skref skyldi enginn útiloka að Liverpool berjist um titlinn í ár og ljóst er að þrátt fyrir að Úrúgvæinn magnaði sé farinn er sókn Liverpool alls ekki bitlaus.

## Týndu synirnir komnir „heim“



Cesc Fabregas kom til Chelsea frá Barcelona á Spáni.

Líkja má tveimur af nýju leikmönnum Chelsea við týndu synina sem eru komnir heim, reyndar í ólíkri merkingu þess orðs. Framherjinn frá Fílabeinsströndinni, Didier Drogba, sem er fyrir löngu orðinn goðsögn á Stamford Bridge, snýr til baka eftir tveggja ára fjarveru í Kína og Tyrklandi og Spánverjinn Cesc Fabregas snýr aftur til London eftir fjögurra ára veru hjá Barcelona. Fabregas lék áður með Arsenal þar sem hann átti bestu ár knattspyrnuferils síns. Miklar vonir eru bundnar við Drogba og Fabregas sem eiga ásamt Diego Costa og Filipe Luis að vera púslin sem vantaði til að Jose Mourinho kæmi liðinu á toppinn aftur.



Didier Drogba kom til Chelsea frá Galatasaray í Tyrklandi.

## NANOGEN®

The Science of Thicker Hair™



### NÁTTÚRULEGAR ÞYKKINGA

T R E F J A R

Ofur finar trefjar sem bindast þínu eigin hári og skapa náttúrulega þykkt og þéttleika sem þú finnur um leið. Hylur viðkvæm svæði á náttúrulegan hátt.



Fáðu þykkara hár í dag

Margir af stílistum stjarnanna mæla með þessum vörum


Fæst í apótekum um land allt og á heimkaup.is

## STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

**visir**

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!





# BÓNORÐIN

## Fyrir guðdómlegan glans

# 7

- 1 Í upphafi skal skola allan bílinn vel með heilögu ... nei, kranavatni og svo þvo hann allan með **Armor All Car wash** til að hreinsa og vernda gegn ósóma ...
- 2 Látið ei freistast að þurrka bílinn í sólinni, heldur gæta þess að þerra bílinn vel með **Rochley syntheticfiber** klút ... áður en bónið er borið á bílinn.
- 3 Bera skal nú hið stórkostlega **Armor All Shield** á bílinn með miklum eldmóð ... með bónpúða sem fylgir bóninu.
- 4 En hlýðið, bera skal aðeins á lítil svæði í einu. Hálf tólu eða svo og þurrka af með **míkróklút** ... **SEM EINNIG FYLGIR BÓNINU!**
- 5 Ei skaltu girnast bónlút nágrannans heldur nota þinn eigin gula bónlút og strjúka yfir allan bílinn aftur eftir að bónið er fjarlægð, til að fá enn betri gljáa sem nú ætti að vera **GUÐDÓMLEGUR!**
- 6 Eigi maður ósæmandi felgur og dekk sem þarf að síða til skal rösklega bera á **Armor All Shield for wheels** til þess að fá þetta himneska felgu **BLÍNG!**
- 7 Og munið! Að **ARMOR ALL BÓNID** skal borið á í krafti hvíttra hlýrabola, hárrar tónlistar og **BÍLASTOLTS!** Því bíllinn á gott skilið!

Í nafni Bílanaust, handþvottar og handbónaðra bíla.  
**Armor All-men.**

Armor all  
bónkittið  
5.990 kr.



**Því bíllinn á gott skilið!**

## Hver verður rekinn fyrstur?

Á síðasta tímabili voru tíu knattspyrnustjórar reknir í ensku deildinni. Sá fyrsti, Ítalinn Paolo Di Canio hjá Sunderland, tók pokann sinn 22. september og níu aðrir fylgdu í kjölfarið. Litum á hverjir eru líklegastir til að fjúka fyrstir á komandi tímabili.

### SAM ALLARDYCE, WEST HAM



Eyddi fúlgu fjár í Andy Carroll sem er alltaf meiddur. Rífst reglulega við eigendur og var hársbreidd frá því að vera rekinn í vor. Ef West Ham byrjar illa þá er Big Sam líklegur til að fjúka.

### NIGEL PEARSON, LEICESTER

Hann kom Leicester upp en eigendur Leicester eru metnaðarfullir með fullar kistur fjár. Of langur tími í fallsæti gæti orðið til þess að frægari stjóri yrði kynntur til leiks.

### HARRY REDKNAPP, QPR

Ekkert mun geta bjargað refnum Redknapp ef byrjunin hjá Queens Park Rangers verður ekki góð. Eigendur félagsins ætla ekki niður aftur og Redknapp verður gerður ábyrgur ef hlutirnir ganga ekki.



Louis Van Gaal sést hér í fyrsta leiknum sínum á Old Trafford en hann er stakur reglumaður.

# Alls ekki gaalinn

Hollendingurinn Louis Van Gaal er maðurinn sem á að reisa Manchester United úr öskustónni sem David Moyes kom félaginu í á síðasta tímabili. Ferillinn slær ekki á væntingarnar því Van Gaal hefur unnið titla í Hollandi, Þýskalandi og á Spáni eða „hvar sem hann hefur komið“ eins og hann orðaði það af hógvæð sjálfur.

Einn íslenskur leikmaður hefur leikið undir stjórn Van Gaals en það gerði Grétar Rafn Steinsson hjá AZ Alkmaar á árunum 2006 til 2008. Van Gaal hefur yfirbragð hershöfðingja og af honum fara margar sögur um skapofsa en Grétar Rafn segir að því fari fjarri.

„Ég held að það séu allir búnir að sjá blaðamanna-

fundi hjá honum eða hvernig hann er á hliðarlínunni og ímynda sér eitthvað skrímli, en ég held að rétti karakterinn komi ekki fram opinberlega. Hann hugsar vel um leikmennina og starfsfólkið hjá félaginu. Hann leggur gífurlega mikið upp úr því að byggja upp liðsheild og að allir finni að þeir skipti máli, hvort sem það er skrifstofufólk, vallarverðir eða varamenn. Að því sögðu þá er hann gríðarlega ákveðinn og með mikið af reglum sem hann krefst að leikmenn fari eftir,“ segir Grétar Rafn sem hefur trú á því að United verði meðal toppliðanna á komandi tímabili, sérstaklega ef hann nær að fylla í skörðin sem miðverðirnir Rio Ferdinand og Nemanja Vidic skilja eftir sig.

Grétar Rafn Steinsson



## LOUIS VAN GAAL OG TITLARNIR

### Ajax í Hollandi

Meistari (1994, 1994 og 1996)  
Bikarmeistari (1993)  
Meistaradeildin (1995)  
UEFA-bikarinn (1992)

### Barcelona á Spáni

Meistari (1998 og 1999)  
Bikarmeistari (1998)

### AZ Alkmaar í Hollandi

Meistari (2009)

### Bayern München í Þýskalandi

Meistari (2010)  
Bikarmeistari (2010)

### Manchester United í Englandi

???

## KYNNING

# Útbúa draumaferðina á leikinn

■ Gaman Ferðir sérhæfa sig í íþróttiferðum og öðrum sérferðum. Fótboltaferðir eru í aðalhlutverki hjá fyrirtækinu enda úrvalið af slíkum ferðum gríðarlegt. Gaman Ferðir bjóða upp á þá nýjung að hægt er að kaupa 0-0 tryggingu en þá er annar leikur í staðinn ef fyrri leikurinn fer 0-0.

Ferðaskrifstofan Gaman Ferðir hefur verið starfandi frá árinu 2012 en Gaman Ferðir sérhæfa sig í íþróttiferðum, tónleikaferðum, borgarferðum, árshátíðarferðum fyrirtækja og hinum ýmsu sérferðum. Eigendur Gaman Ferða eru þeir Þór Bæring Ólafsson og Bragi Hinrik Magnússon en þeir hafa starfað í ferðaþjónustu síðan árið 2003.

Frá upphafi hafa fótboltaferðir verið í aðalhlutverki hjá Gaman Ferðum enda úrvalið af ferðum hreint ótrúlegt. „Núna í upphafi tímabilsins eru yfir 250 fótboltaferðir í boði á leiki í enska boltanum og spænska boltanum. Í lok ágúst fara svo í sölu ferðir á leiki í Meistaradeild Evrópu,“ segir Þór Bæring Ólafsson, framkvæmdastjóri Gaman Ferða. Úrvalið má skoða á vefsíðu Gaman Ferða, [www.gaman.is](http://www.gaman.is).

Gaman Ferðir bjóða upp á nýjung í ferðum á komandi tímabili en hægt er að kaupa sérstaka 0-0 tryggingu. „Þegar þú kaupir fótboltaferð hjá Gaman Ferðum getur þú keypt í leiðinni sérstaka 0-0 tryggingu sem þýðir að ef leikurinn sem þú ferð á endar 0-0 færðu ferð á annan leik í staðinn.“

Innifalið í flestum ferðum Gaman Ferða er flug, gisting í þrjár nætur, morgunmatur og miði á leik. „Einnig bjóða Gaman Ferðir upp á styttri ferðir en til dæmis er í boði ferð á Chelsea – QPR í nóvember á 59.900 krónur á mann en í þeirri ferð er gist í eina nótt í London. Ef leikurinn er ekki í sölu á [www.gaman.is](http://www.gaman.is) er bara málið að



Stemningin á fótboltavellinum er engu lík.

senda tölvupóst til okkar og við útbúum draumaferðina þína,“ bætir Þór við.

Í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar að þessu sinni eru Gaman Ferðir með fólk á fjórum leikjum.

„Það er mikil spenna fyrir komandi tímabili í enska boltanum og margir sem láta sig dreyma um að fara á leik. Það er nefnilega alveg magnað að vera á vellinum og upplifa þessa einstöku skemmtun beint í æð.“



Margir vilja fara á leik í enska boltanum.

## Umsagnir ánægðra viðskiptavina Gaman Ferða

### ERLA GÍSLADÓTTIR

Við ætlum hugsanlega að gera þetta að árlegum viðburði. Móðir mín, sem er 81 árs gömul, og fór með okkur, sagði strax eftir ferðina að hún væri til í að fara fljótlega aftur á leik. Að fá sjö mörk og sjá Liverpool vinna var rosalega gaman.

### GÍSLI KARLSSON OG KARL ÞÓRÐARSON

Við létum verða af því eftir að hafa talað um það í tólf ár að skella okkur saman feðgarnir út á leik. Við rákumst á [gaman.is](http://gaman.is) og skelltum okkur á hörkuleik Arsenal og Man. City. Fluglið gekk vel og við gistum á frábæru hóteli. Það er ekki spurning að þegar við förum í næstu ferð höfum við samband við Gaman Ferðir.

### MAGNÚS ÖRN GUÐMARSSON

Langaði til að þakka fyrir framúrskarandi ferð, allt upp á tíu, frábært hótél og allt til fyrirmyndar. Þó að ég tali fyrir mig þá veit ég að félagar mínir taka undir þetta. Mæli hiklaust með Gaman Ferðum og held að við strákarnir förum strax í að plana næstu ferð.


### UNNAR STEINN BJARNDAL

Kærar þakkir fyrir okkur. Þetta var allt eins og best verður á kosið. Engar athugasemdir. Jú annars, geri alvarlegar athugasemdir við það að ég hafi misst röddina. En Gaman Ferðir bera varla ábyrgð á því!

**TRI****Suðurlandsbraut 32****BORGUN**

TRI VERSLUN er nú að bjóða viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við Borgun.

**Verð frá ➤ 71.990kr**TRI VERKSTÆÐI  
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA  
FRÁ 10:00 TIL 18:00**CUBE  
HYBRID  
29" FJALLAHJÓL  
26" FJALLAHJÓL****20% AFSLÁTTUR AF CUBE HYBRID, 29" FJALLAHJÓLUM & 26" FJALLAHJÓLUM****FERÐADAGAR****20% AFSLÁTTUR AF AUKAHLUTUM****FERÐADAGAR VERÐA ÚT ÁGÚSTMÁNUÐ 2014****CRAFT** Sérstakur 15% afsláttur í ágúst af öllum CRAFT vörum! **CRAFT****WWW.TRI.IS**Verslunin er opin:  
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00  
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00





Eina sérverslun landsins  
með grill og garðhúsgögn

# Grillbúðin



# SUMMAR ÚTSALA

[www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

Þekktustu  
merkin á  
einum stað

VELDU  
GRILL  
SEM ENDIST  
OG ÞÚ  
SPARAR



Mikið úrval  
Garðhúsgagna  
með 30 - 50%  
afslætti



Grill með  
10.000 til  
50.000 kr  
afslætti

Opið laugardaga til kl. 16


Komdu og fáðu ráðleggingar

# Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | [grillbudin.is](http://grillbudin.is)



365 Ljóshraði



# Öryggisvörur & vinnufatnaður

Allt fyrir öryggið - Heyrnarhlífar frá Howard Leight/Bilsom




Vinnuvettlingar frá Sperian og North



Öryggisskór í úrvali



Eyrnatappa, einnota og fjölnota



Fallvarnir og úrval fylgihluta



Öryggisgleraugu



Rykgrímur, einnota og fjölnota m/filter



Töf vinnufatnaður frá Timberland PRO



Smart frá Snickers

**Timberland PRO** PRO SERIES **Honeywell** Safety products  
 Einungis vörur frá heimsþekktum vörumerkjum


**ANTEC** **KCL** **MILLER NORTH** by Honeywell **NORTH** by Honeywell

**Snickers WORKWEAR** **Bacou-Dalloz** **HOWARD LEIGHT**



**HAGI ehf – HILTI á Íslandi**

Stórhöfði 37 - 110 Reykjavík - Sími 414 3700 - Fax 414 3720 - Póstfang: customerservice@hilti.is



**SUBWAY**  
Ferskleiki er okkar bragð.™